

Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd miðvikudaginn 23. nóvember í húsakynnum menningar- og viðskiptaráðuneytisins, Sölvhólgötu 7, og hófst hann kl. 15. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Dagný Heiðdal, Eva María Jónsdóttir, Hafsteinn Karlsson, Jóhann R. Kristjánsson, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, Luciano Dutra, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir, Sverrir Árnason og Sölvi Björn Sigurðsson. Arnhildur Arnaldsdóttir og Þórður Sævar Jónsson boðuðu forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fréttir af starfi málnefndar

Formaður setti fundinn og sagði fréttir af starfi málnefndar.

Ný málstefna, sem afgreidd var 2021, er nú í ráðuneyti og hugmyndir eru um að innleiða hana inn í þingskjal ráðherra.

Tvö málþing hafa verið haldin í ár. Annars vegar árlegt málræktarþing sem haldið var 29. september í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins og svo aukamálfing um kynhlutlaust mál sem haldið var 30. apríl í Veröld.

Haldnir hafa verið fundir með ráðherra um málefni Íslenskrar málnefndar. Stofnuð hefur verið ráðherranefnd um íslenska tungu og er henni ætlað að efla samstarf milli ráðuneyta um málefni íslenskrar tungu og einnig að vinna markvisst að stefnumótun stjórnvalda og aðgerða í þágu tungumálsins.

Stjórn Íslenskrar málnefndar hefur verið virk í umfjöllum um íslenskt mál í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum í samvinnu við miðilinn Vísi.

Leiðbeiningabæklingur er í vinnslu um gerð málstefnu fyrir sveitarfélög og skóla.

Íslensk málnefnd gerði athugasemd þegar ensku var skipað framar íslensku í flugstöðinni en nú í október samþykkti stjórn Isavia bókun þess efnis að íslenska verði framvegis í forgrunni tungumála við endurnýjun merkingarkerfis á Keflavíkurflugvelli.

Íslensk málnefnd sendi bréf til ráðuneyta samkvæmt ábendingu frá Kjartani Ragnars um að enska sé orðið aðaltungumálið í Hugverkatiðindum enda þótt fram komi í reglugerð um skráningu vörumerkja nr. 850/2020 að mál Hugverkastofunnar sé íslenska og umsóknir um skráningu merkja skuli vera á íslensku.

2. Vorþing málnefndar 2023 um sambýli íslensku og ensku

Áætlað er að halda málþing næsta vor á höfuðborgarsvæðinu um sambýli íslensku og ensku og hvort enska eigi að hafa einhverja sérstaka stöðu á Íslandi. Á fundinum var rætt um undirbúning málþingsins.

3. Önnur mál

Kristín M. Jóhannsdóttir bar fram fyrirspurn um „úrskurðarvald“ gagnvart íslenskri tungu. Hver getur sagt til um hvað er rétt? Umræður spunnust um íslenskan málstaðal.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:10.

Ármann Jakobsson

sign.

Ágústa Þorbergsdóttir

sign.